

Kennsluáætlun fyrir JARÐ2JÍ05 vorönn 2017

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á meginatriði jarðfræði Íslands, tengsl uppruna landsins við landrek og landmótun af völdum innrænna og útrænna afla. Farið er í undirstöðuatriði steinda- og bergfræði og einnig kenningar um uppruna kviku og myndun mismunandi kvikugerða undir Íslandi.

Markmið:

Að nemandi :

- geri sér grein fyrir notagildi jarðfræðipækkingar með íslenskar aðstæður að leiðarljósi.
- geti beitt öllum algengustu hugtökum og heitum í jarðfræði í umfjöllun sinni um myndun og gerð náttúrufyrirbæra.
- hafi þjálfun í að greina berg og steindir og geti út frá þeirri greiningu fjallað um og útskýrt myndun bergs og myndun mismunandi gerða kviku.
- þekki helstu gerðir eldstöðva og geti skýrt mismunandi eldvirkni þeirra.
- geti útskýrt myndun mismunandi landsvæða af völdum innrænna afla, s.s. út frá landreki, eldvirkni, jarðskjálftum og jarðhita.
- geti fjallað um landmótun sem stjórnast af útrænum öflum, s.s. landmótun af völdum frostverkana, vatnsfalla, sjávar, jökla og vinds.
- geti gert grein fyrir mismunandi gerðum vatnsfalla og einkennum þeirra, s.s. rennslisháttum, landmótun og vatnasvæðum.
- geti fjallað um jökla og skýrt: myndun, gerð og hreyfingar.
- geti skýrt meginatriði mismunandi aðferða sem notaðar eru við jarðfræði- og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir.

Kennslubók:

Almenn jarðfræði eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson, útg. Iðnú 2004

Farið verður í jarðfræðiferð ef áhuga nýtur. Nemendur þurfa að taka þátt í kostnaði ferðar.

Verkefnaskil:

Þrjú annarpróf og verkefni verða á önninni. Verkefni verða unnin og skilað í Moodle eða handskrifuðum í möppu. Nemendur dragast niður um einn fyrir hvern dag sem skilað er of seint og nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað.

Námsmat:

*Annarpróf 70%

*Verkefni 30%

Ekki er sérstakt lokapróf á prófatíma í lok annar. Til að standast áfangann verða nemendur að ná 4,5 að meðaltali á annarprófunum og verkefnum, auk þess að skila 80% af verkefnum. Nemandi sem er löglega forfallaður (vottorð) í annarprófi á möguleika á að taka sjúkrapróf í þeim hluta á prófatíma í maí. Nemendur 20 ára og eldri skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Áætlun um yfirferð. Hér fyrir neðan er gróf yfirferðaráætlun. Nánari útfærsla og lýsing á verkefnum er í Moodle.

Vika	Dagsetning	Áætlun um yfirferð námsefnis
1	05.01 –08.01	Kynning á áfanganum. 1. Kafli. Jarðfræðin í hnotskurn.
2	09.01- 15.01	2. kafli. Flekarek og heitir reitir.
3	16.01- 22.01	3. kafli. Jarðskjálftar og brotalínur. Verkefni um jarðskjálfta
4	23.01 – 29.01	3. kafli. Jarðskjálftar og brotalínur. 4. Kafli. Steindir.
5	30.02 – 05.02	4. Kafli. Steindir. PRÓF I (kafli 1, 2, 3, og 4).
6	06.02 – 12.02	5. kafli. Kvika og storkuberg.
7	13.02 – 19.02	5. kafli. Kvika og storkuberg.
8	20.02 – 26.02	6. kafli. Eldvirkni. Verkefni um eldvirkni. <i>Kátir dagar og flóafár.</i>
9	27.02 – 05.03	6. kafli. Eldvirkni. Verkefni um eldvirkni. <i>Miðannarmat.</i>
10	06.03 – 12.03	6. kafli. Eldvirkni. PRÓF II (kafli 5 og 6)
11	13.03 – 19.03	7. kafli. Grunnvatn og jarðvarmi.
12	20.03 – 26.03	8. kafli. Jöklar, vötn og vatnsföll.
13	27.03 – 02.04	8. kafli. Jöklar, vötn og vatnsföll.
14	03.04 – 09.04	9. kafli Veðrun og Rof
15	10.04 – 16.04	<u><i>Páskafri</i></u>
16	17.04 – 23.04	<u><i>Páskafri og Sumardagurinn fyrsti 20.04.</i></u>
17	24.04 – 30.04	9. Kafli. Veðrun, rof og setmyndun. PRÓF III (kafli 7., 8. og 9).
18	01.05 - 07.05	Verkefnavinna fyrir þá sem eiga eftir að skila verkefnum. Muna eftir 80% skilaskyldu á verkefnum.
19	08.05 - 14.05	Öllum verkefnum á að vera skilað og ef ekki er búið að skila þeim býst kennari við að þeim verði ekki skilað. Próf byrja.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Gert í janúar 2017. Aníta Ólöf Jónsdóttir.